

4 ASÍ 100 ára

Alþýðusamband Íslands fagnaði aldarafmæli sínu með stórtónleikum á fjórum stöðum á landinu laugardaginn 12. mars 2016. Alls tóku um 8.000 manns þátt í afmælinu.

8 Getur Ísland boðið ungu fólki samkeppnishæf lífskjör?

Heillandi valkostir fyrir ungt fólk eru fáir. Það situr fast í foreldrahúsum eða dýru leiguhúsnæði og á fáar undankomuleiðir án aðstoðar frá foreldrum eða öðrum.

16 Og þar fundu þau frelsið

En það voru menn og konur sem ekki sættu sig við þetta ástand og vindar félagshyggju tóku að gæla við vinnulúna vanga. Menn fóru að tala sig saman – lágum rómi undir gaffli.



1. tölublað · 65 árgangur · Vor 2016

WINNAN

Tímarit Alþýðusambands Íslands



Eru allir eins í þínu fyrirtæki?

JONSSON & LEMACKS • HLÍÐ • STA

Fjölbreytni er góð fyrir rekstur fyrirtækja. Rannsóknir sýna að vinnustaðir þar sem fjölbreytni er tekið fagnandi eru betur í stakk búnir til að leysa ólík vandamál og aðlagast síbreytilegu umhverfi.

Nánar á vr.is/fjolbreytni

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | SÍMI 510 1700 | WWW.VR.IS

Virðing
Réttlæti

VR

Samstaða í 100 ár – sókn til nýrra sigra!



Ég óska launafólki til hamingju með baráttu-
dag verkalyðsins og hvet alla til þess að leggja
baráttu okkar lið með þátttöku í fundum stéttar-
félaganna sem haldnir verða víða um land í dag.
Árið 2016 er merkilegt þegar kemur að sögu
verkalyðshreyfingarinnar því að í ár eru 100 ár
frá stofnun Alþýðusambandsins og 50 ár frá því
að 1. maí varð lögbundinn frídagur. Afmæli ASÍ
var fagnað með miklu tónleikahaldi á fjórum
stöðum á landinu þann 12. mars sl. þar sem um
átta þúsund manns nutu dagsins með okkur.
Viku fyrr voru opnaðar tvær sýningar í tilefni
aldarafmælisins. Annars vegar ljósmyndasýningin
Vinnandi fólk í Þjóðminjasafninu og hins vegar
sýning á gersemum í eigu Listasafns ASÍ þar sem
mátti sjá verk eftir alla helstu meistara íslenska
málverksins.

Yfirskrift 1. maí að þessu sinni vísar bæði í sögu
verkalyðshreyfingarinnar um leið og við minn-
um okkur á að aldrei má slaka á í baráttunni.
Reynslan sýnir að ef við stöndum ekki grjóthörð
á sigrum fortíðar verður fljótt sótt að réttindum
okkar. Hlutverk verkalyðshreyfingarinnar í nánu
samstarfi við félagsmenn sína er því að standa
vaktina bæði í vörn og sókn í baráttu okkar fyrir
bættum kjörum og réttindum á vinnumarkaði.
Það er stundum sagt að sagan fari í hringi.
Það er merkilegt að á þessu aldarafmæli ASÍ er
sambandið og aðildarfélög þess að berjast fyrir
svipuðum málum og í árdaga hreyfingarinnar.
Á vinnumarkaði erum við ennþá að berjast
fyrir því að fólk fái greidd mannsæmandi laun,
að hvíldartími sé virtur og að aðbúnaður og
öryggi launafólks sé í lagi. Núna eru það eink-
um útlendingar og ungt fólk sem verða fyrir
barðinu á ósvífnum atvinnurekendum enda búa
þessir hópar að minnstum upplýsingum um
réttindi sín. Afstaða verkalyðshreyfingarinnar
er skýr, undirboð á vinnumarkaði eru ekki bara
óásættanleg heldur grafa þau undan því vinnu-



markaðskerfi sem við viljum hafa á Íslandi. Við
viljum kerfi þar sem komið er fram af sanngirni
og virðingu við fólk. Þar sem allir fá það sem
þeim ber, launamaðurinn, samfélagið og atvinnu-
rekandinn í forni ánægðra starfsmanna.

Annað mál sem hefur verið rauður þráður í
baráttu Alþýðusambandsins sl. 100 ár er krafan
um mannsæmandi húsnæði á viðráðanlegum
kjörum. Í fyrstu kröfugöngunni sem var farin
1. maí 1923 mátti sjá kröfuspjöld þar sem
áherslan var á þennan málaflökk en þar stóð
m.a.: *Holla mannaústaði* og *Engar kjallara-
kompur*. Árið 1929 setti Alþingi lög um bygg-
ingu verkamannabústaða fyrir tilstilli ASÍ og
Alþýðuflokksins, sem þá voru eitt og sama fyrir-
bærið. Eftir lagasetninguna var Byggingafélag
alþýðu stofnað og reisti verkamannabústaði
við Hringbraut og síðar var Byggingasjóður
verkamanna stofnaður sem stóð fyrir uppbyg-
gingu verkamannabústaða víða um land. Þá
stóð verkalyðshreyfingin að baki uppbyggingu

á verkamannabústöðum í Breiðholti á 7. og 8.
áratug síðustu aldar.

Og aftur ætlar hreyfingin að láta til sín taka á
þessum vettvangi. Við gerð kjarasamninga
á almennum vinnumarkaði vorið 2015 lögðu
aðildarfélög ASÍ mikla áherslu á hækkun húsnæ-
ðisbóta og nýtt félagslegt húsnæðiskerfi.
Frumvörp þess efnis litu dagsins ljós á þingi í
haust og voru flutt af ráðherra húsnæðismála á
haustþingi. Ekki tókst að ljúka afgreiðslu þeirra
fyrir áramót sem leiddi til þess að staðfestur er
forsendubrestur í kjarasamningum ASÍ og SA.
Samkomulag er við SA um að fresta viðbrögð-
um við þessum forsendubresti til febrúar 2017
í trausti þess að frumvörpin verði afgreidd.

Í tilefni af 100 ára afmæli ASÍ ákvað miðstjórn
ASÍ að stofna almennt íbúðafélag og leggja
fram nauðsynlegt stofnfé til að koma því á
laggirnir. Þann 12. mars, á aldarafmæli ASÍ, var
undirrituð viljayfirlýsing milli ASÍ og Reykjavíkurborgar
um að borgin úthluti þessu íbúðafélagi
1000 lóðir á næstu 4 árum. Það er hins vegar
áhyggjuefni hversu mikil óvissa er um störf
Alþingis og óvissa um afgreiðslu húsnæðisfrum-
varpanna. Gangi það ekki eftir gæti sú skrýtna
staða komið upp að næsta ríkisstjórn, sem tekur
við eftir kosningar í haust, fái í arf uppsögn
kjarasamninga í febrúar 2017. Það er von mín,
að stjórnmalaflokkarnir á Alþingi sýni ábyrgð
og afgreiði húsnæðisfrumvörpin nú þegar og
láti slíka stöðu ekki koma upp. Nú þurfum við
sókn til nýrra sigra, þjóðinni allri til heilla.

VINNAN · 1. TÖLUBLAÐ · 65. ÁRGANGUR

Ritstjóri: Snorri Már Skúlason · Ábyrgðarmaður: Gylfi Arnbjörnsson
Umbrot og hönnun: Tómas Bolli Hafþórsson · Prentun: Ísafoldarprentsmiðja
Forsíða: Halldór Baldursson

Ljósmyndir: Lárus Karl Ingason, myndasafn ASÍ, Þjóðminjasafn Íslands, Ljósmyndasafnið Ísafirði og fleiri.



ASÍ 100 ára 12. mars 2016

Alþýðusamband Íslands fagnaði aldarafmæli sínu með stórtónleikum á fjórum stöðum á landinu laugardaginn 12. mars 2016. Í Hörpu var fjölskyldudagskrá um daginn og hátíðardagskrá í Eldborg um kvöldið. Á sama tíma hófust afmælistónleikar á Akureyri, Ísafirði og í Neskaupstað. Dagskráin var einkar metnaðarfull og kláruðust miðar á alla tónleikana á fáeinum klukkustundum en ókeypis var inn. Þrátt fyrir vonskuveður á afmælisdaginn komust allir listamenn á sinn stað og gestir létu sig ekki vanta en alls tóku um 8000 manns þátt í afmælinu. Á næstu síðum getur að líta myndir frá hátíðarhöldunum sem heppnuðust einstaklega vel. ASÍ þakkar öllum þeim sem mættu fyrir komuna og listamönnunum fyrir frábæra frammistöðu.



Boðið var upp á magnaðan tónlistargjöfning í Hörpu þar sem 160 söngvarar og hljóðfærarleikarar fluttu Maístjörnuna á einstakan hátt. Þarna voru að verki félagar í Lúðrasveit verkalýðsins, **kvennakórunum Hrynjandi** og **Kötlu** og **Karлакór Reykjavíkur**. Afraksturinn má sjá á Youtube-rás ASÍ.



Í tilefni afmælis ASÍ var efnt til **samkeppni í 10. bekk um hlutverk og gildi verkalyðshreyfingarinnar í 100 ár**. Hér getur að líta fóngulegan hóp þeirra krakka sem fengu viðurkenningu fyrir sitt framlag í keppninni. Brot úr fimm bestu verkefnum voru svo sýnd á hátíðarsamkomunni í Eldborg að kvöldi afmælisdagsins.



VINNAN

Á fjölskyldu-skemmtun í Hörpu sem haldin var um miðjan dag var boðið upp á súkkulaðitertu, kaffi og Svála.

Kakan smakkaðist vel.



Áfram stelpur! **Hundur í óskilum** fékk allar konur í Eldborg til að rísa á fætur með hnefa á lofti í baráttusöng kvenna.



Páll Óskar klikkar ekki. Hann dreifði gleði, glimмери og geggjuðu fjöri í afmæli ASÍ.



Hér sé rokk!



Leikkonurnar og kynnamir **Halldóra Geirharðsdóttir** og **Ólafía Hrönn Jónsdóttir** áttu salinn frá fyrstu mínútu. Aðallega sem Hannes og Smári en frú Fjóla kom einnig við sögu eins og sjá má.



Bjartmar Guðlaugsson
í Egilsbúð í Neskaupstað.



Ylja
í góðum filing.



Mannakorn
hefur heillað landann í 40 ár og á því varð engin breyting í afmæli ASÍ.



Það var fullt hús í **Hofi á Akureyri** og rífandi stemning.

Það var í nógu að snúast hjá **Lúðrasveit verkalýðsins** þennan góða dag í mars. Hér er hljómsveitin að spila í troðfullu Kaldalóni í Hörpu.



Viku áður en **Agent Fresco** tróð upp á afmælistónleikum ASÍ í Hofi hlaut hljómsveitin verðlaun fyrir bestu plötu ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum.

Lay Low
sýndi sínar bestu hliðar í Neskaupstað.





Hvannalds-bræður á heimavelli í Hofi.



Hljómsveitin Valdimar tók nokkur af sínum þekktustu lögum.



VINNAN

Mugison þaggaði í óveðrinu sem geisaði á Ísafirði með mögnuðum leik.



Hápunkturinn á frábæru kvöldi í Eldborg var magnaður tónlistarflutningur **Retro Stefson** og **Lúðrasveitar Verkalýðsins** á nokkrum af þekktustu lögum Retro Stefson.



Ólfur Ólfur er eitt heitasta band landsins. Þeir félagar tróðu bæði upp í Norðurljósasal Hörpu og í Egilsbúð í Neskaupstað þann 12. mars.



Lára Rúnars var flott í Edinborgarhúsinu á Ísafirði.

Hundur í óskilum bauð upp á tvær sýningar á frumsömdum verkalýðskabarett í Kaldalóni auk þess að koma fram á hátíðarsamkomunni í Eldborg.



Mammút sýndi flotta takta.




Getur Ísland boðið ungu fólki samkeppnishæf lífskjör?



Nokkuð hefur verið fjallað um efnahagslega og félagslega stöðu ungs fólks undanfarið og spurningum velt upp um hvort þessi hópur hafi setið eftir hvað varðar lífskjör og tækifæri til að koma undir sig fótunum. Þessi umræða er ekki einskorðuð við Ísland. Víða í nágrannalöndunum á sér stað sambærileg umræða og vangaveltur um mögulegar orsakir og afleiðingar. Hvað getum við gert til að bæta stöðuna?

Nýta þarf skattkerfið til að bæta stöðu ungs fólks

Eins og fram hefur komið í umræðunni er áhyggjuefni að ráðstöfunartekjur fólks á þrítugs- og fertugsaldri hafa frá upphafi tíunda áratugarins aukist mun minna en þeirra sem eldri eru og raunar hafa ráðstöfunartekjur yngsta hópsins, 16-19 ára, dregist saman á tímabilinu.



Þessi mynd er sérstaklega áhugaverð ef atvinnuþátttaka yngstu hópsanna er skoðuð. Samkvæmt gögnum Hagstofunnar hefur atvinnuþátttaka fólks á aldrinum 16-24 ára farið úr því að vera í kringum 65% um miðjan tíunda áratuginn upp í tæplega 80% árið 2014. Til samanburðar

hefur atvinnuþátttaka fólks á aldrinum 25-54 ára haldist stöðug, í kringum 90% síðastliðinn aldarfjórðung og það sama á við um elstu þátttakendur á vinnumarkaði sem hafa yfirleitt verið með á bilinu 65-70% atvinnuþátttöku. Hluti skýringarinnar liggur að líkindum í því að aukin atvinnuþátttaka yngsta hópsins er fyrst og fremst í hlutastörfum þar sem fleira ungt fólk í dag stundar nám en áður og vinnur hlutastörf samhliða því. Í upphafi tímabilsins var stærri hluti ungs fólks í fullu starfi. Nauðsynlegt er að skoða þessa þróun nánar og kanna til hlítar orsakir hennar og afleiðingar. Þá má velja því fyrir sér hvort stjórnvöld hafi í nægum mæli nýtt jöfnunartæki skattkerfisins til að bæta stöðu ungs fólks og styðja við barnafjölskyldur á því tímabili í lífi flestra þegar heimilisreksturinn er hvað þyngstur. Þannig eru mikilvæg stuðningskerfi fyrir ungt fólk, barnabætur, vaxtabætur og húsaleigubætur með bröttum tekjutengingum sem valda miklum jaðaráhrifum þegar tekjur aukast auk þess sem raungildi barna- og húsnæðisbóta hefur lækkað verulega á undanföllum árum og að öðru óbreyttu aukið skattbyrði ungs fólks.

Hvers vegna flytur ungt fólk frá Íslandi?

Lífskjör í hverju landi mótast af fjölda þátta, bæði efnahagslegri umgjörð en ekki síður af þáttum eins og verðmæti þeirra starfa sem verða til og aðgengi íbúa að húsnæði, menntun og heilbrigðisþjónustu. Lönd eru ávallt í ákveðinni lífskjörasamkeppni þar sem eftirsóknarvert vinnuafli á alla jafnan auðvelt með að flytjast búferlum og setjast að í nýju landi. Ísland hefur ekki farið varhluta af þessu. Undanfarna áratugi hafa að jafnaði fleiri Íslendingar flutt af landi brott en til þess. Einkum hefur brotflutningur verið mikill í kringum stóráföll í efnahagslífinu, t.d. þegar síldin hvarf, á árum óðaverðbólgunnar á 8. áratuginum og í kjölfar bankahrunsins.

Það vekur því sérstaka athygli nú að þrátt fyrir mikinn hagvöxt, fjölgun starfa og almenna kaupmáttaraukningu undanfarin misseri, velja fleiri Íslendingar að flytja frá landinu en heim aftur. Þessi þróun er um margt óvenjuleg og á sér ekki margar hliðstæður. Það hefur gert það að verkum að leita þarf að starfsfólki erlendis til að manna störf hér á landi. Þetta gefur okkur vísbendingu um að þau störf sem hafa í auknum mæli skapast hér á landi á síðustu árum samræmast ekki vonum og væntingum ungs fólks um afkomu og starfsvettvang. Þessi staða vekur líka upp spurningar um samspil menntakerfis og atvinnulífs og hvort menntakerfi dagsins í dag geti boðið ungu fólki menntun sem raunverulega treystir stöðu þess á vinnumarkaði til framtíðar. Ljóst er að næstu áratugin verður mesta eftirspurnin eftir starfsfólki með sérhæfða verk- og tæknimenntun, en áhersla menntakerfisins og sókn ungs fólks er hins vegar langmest í hefðbundnar bóknamsgreinar.

Ákvörðun ungs fólks að flytja af landi brott má oftast rekja til samspils og þróunar margra ólíkra þátta í íslensku samfélagi og hvernig almenn- ingur ber lífskjör sín hér á landi saman við lífskjör í nágrannalöndunum.

Einstaklingar sem íhuga búferlaf lutninga horfa þannig ekki bara til starfsmöguleika og launakjara heldur einnig þátta eins og vinnutíma, daggæslu barna, húsnæðiskostnaðar, vaxta, heilbrigðisþjónustu og menntunar svo örfá dæmi séu nefnd. Eftir hrun dróst Ísland aftur úr hvað marga þessa þætti varðar og þrátt fyrir efnahagsuppgang hefur lítið verið gert til að snúa þróuninni við.

Allt að 60% af launum í húsaleigu


Húsnæðiskostnaður er sá þáttur sem ræður einna mestu um líf skjör. Staða ungs fólks á húsnæðismarkaði er slæm. Þetta birtist m.a. í því að húsnæðismarkaðurinn er ungu fólki, sem ekki nýtur fjárhagslegs stuðnings frá foreldrum eða öðru venslafólki, nánast lokaður og öruggt húsnæði á ásættanlegu verði er vandfundið á leigumarkaði. Þrátt fyrir að staðan sé öllum ljós og ítrekuð loforð stjórnvalda um umbætur sem gagnast ungu fólki hefur enn lítið bólað á efndum. Þær aðgerðir sem ráðist hefur verið í á síðustu árum hafa þvert á móti komið ungu fólki að litlu gagni.

Árið 2005 átti tæplega 80% fólks á aldrinum 25-34 húsnæðið sem það bjó í meðan að tæp 20% bjó í leiguhúsnæði. Nýjustu tölur Hagstofunnar sýna að nú býr um það bil 40% fólks á þessu aldursbili í leiguhúsnæði á meðan 60% býr í eigin húsnæði. Á árunum 2005-2013 fjölgaði leigjendum hér á landi um 85% á sama tíma og þeim sem búa í eigin húsnæði fækkaði ekki nema um 4%. Ungt fólk hefur því í auknum mæli sótt inn á leigumarkaðinn þar sem framboðið er lítið, samkeppnin um húsnæðið mikil, verðið hátt og húsnæðisöryggi oft lítið.

Til að tryggja viðunandi líf skjör er almennt talið æskilegt að húsnæðiskostnaður fari ekki yfir 25% af ráðstöfunartekjum heimilis. Fyrir margt fólk á leigumarkaði er veruleikinn allt annar, ekki síst hjá ungu fólki sem er að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði. Nýleg markaðskönnun Hagdeildar ASÍ sýnir að miðað við leiguverð á höfuðborgarsvæðinu er ekki óraunhæft að ætla að ungr leigjendur þurfi að verja allt að 60% ráðstöfunartekna sinna í húsaleigu sem er allt of hátt hlutfall.

Sinnuleysi stjórnvalda gagnvart leigjendum

Þrönga stöðu leigjenda má glögglega sjá í tölum á mynd 2 um þau heimili sem búa við verulega íþyngjandi húsnæðiskostnað. Á árunum 2004-2008 var herra hlutfall einstaklinga, í eigin húsnæði, sem bjó við verulega íþyngjandi húsnæðiskostnað, þ.e. varði 40% eða meira af ráðstöfunartekjum í húsnæði en eftir 2008 eykst hlutfallið verulega meðal leigjenda en lækkar meðal fólks í eigin húsnæði.



Leigjendum hefur einnig fjölgað hlutfallslega meðal þeirra sem sækja um greiðsluaðlögun hjá umboðsmanni skuldara sem sýnir versnandi fjárhagsstöðu þessa hóps. Þegar horft er til aðgerða stjórnvalda í húsnæðismálum á liðnum árum þarf þessi staða ekki að koma á óvart. Í tugmilljarða skuldalækkunaraðgerðum til handa þeim sem áttu íbúðarhúsnæði á árinu 2008 lágu leigjendur óbættir hjá garði. Þá hefur stuðningur við leigjendur í formi húsaleigubóta verið óbreyttur frá árinu 2013 á sama tíma og húsaleiga hefur hækkað mikið. Þetta sinnuleysi stjórnvalda gagnvart leigjendum hefur ekki síst komið niður á ungu fólki.

/// Það vekur því sérstaka athygli nú að þrátt fyrir mikinn hagvöxt, fjölgun starfa og almenna kaupmáttaraukningu undanfarin misseri, velja fleiri Íslendingar að flytja frá landinu en heim aftur. ///

Fáir góðir kostir í húsnæðismálum fyrir ungt fólk

Það gefur auga leið að þegar meirihluti ráðstöfunartekna fer í að borga húsaleigu gefst lítið svigrúm fyrir ungt fólk til þess að safna sér fyrir útborgun á eigin húsnæði. Flestar lánastofnanir gera kröfu um að minnsta kosti 15% eigið fjár framlag upp í íbúð auk þess sem hlutfall ráðstöfunartekna sem varið er til afborgunar af fasteignaláni þarf að vera tiltölulega lágt, í mörgum tilfellum mun lægra en það hlutfall ráðstöfunartekna sem leigjendur þurfa annars að verja til þess að greiða leigu á almennum markaði. Þeim sem komast í gegnum nálaragað bjóðast svo himinháir húsnæðisvextir samanborið við nágrannalöndin auk yfirvofandi hættu á reglulegum efnahagsveiflum með tilheyrandi verðbólguvá. Heillandi valkostir fyrir ungt fólk eru því fáir. Það situr fast í foreldrahúsum eða dýru leiguhúsnæði og á fáar undankomuleiðir án aðstoðar frá foreldrum eða öðrum. Þessi staða er grafalvarleg. Hún veldur því ekki bara að ungt og efnilegt fólk sem þess á kost kys að byggja sér framtíð annars staðar en hér á landi, heldur veldur hún mismunum í tækifærum ungs fólks og fjölskyldna þeirra og ýtir undir ójöfnuð.



Barnavinna tíðkaðist á Íslandi langt fram eftir 20. öld. Í aflahrotum var unnið meðan stætt var, karlar, konur, börn og aldraðir. Verkalýðshreyfingin vann að því að takmarka vinnutíma barna. Ljós. Guðni Þórðarson. Þjóðminjasafn Íslands

Verkafólk fær greitt í peningum

Eitt af fyrstu baráttumálum verkalýðshreyfingarinnar var að verkafólk fengi greitt fyrir vinnu sína í peningum en ekki vöruúttektum hjá kaupmönnum. Þetta sést glögglega á skrifum verkalýðsblaðsins Dagsbrúnar um það leyti sem ASÍ var stofnað: „Þessi siður – eða réttara sagt ósiður – að borga vinnu með vörum ætti því sem fyrst að leggjast niður ... Þessi venja tíðkaðist áður erlendis, t.d. í Englandi á fyrri hluta 19. aldar en nú er búið að útrýma henni þar eins og holdsveikinni.“

Vökulögin

Vökulögin 1921 voru fyrsti stóri sigur hins unga Alþýðusambands. Fram að því voru engin takmörk fyrir því hversu lengi var hægt að láta fólk vinna. Dæmi voru um að sjómenn á togurum stæðu sólarhringum saman í aðgerð og að hásetar hafi dottið sofandi ofan í kösina með hníf í hendi eftir slíka þrælavinnu. Þetta vinnuálag gekk vitanlega mjög nærri líkamlegri heilsu manna enda entust þeir ekki nema örfá ár við slík störf. Sjómennirnir létu þetta yfir sig ganga vegna ótta við atvinnumissi. Vökulögin tryggðu 6 tíma lágmarkshvöld á sólarhring á togurum.



Hvildarstund um borð í togara um miðja 20. öld; ekki eru allir í áhöfninni háir í loftinu. Vökulögin frá 1921 takmörkuðu vinnutíma togarasjómannanna og voru með fyrstu stóru sigrum verkalýðshreyfingarinnar. Ljós. Guðbjartur Ásgeirsson. Þjóðminjasafn Íslands



Alþýðuhúsið á Ísafirði, reist árið 1935, eitt glæsilegasta hús verkalýðshreyfingarinnar. Þessar byggingar voru tákn um styrk og stöðu hreyfingarinnar. Ljós. Sigurgeir Halldórsson. Ljósmyndasafnið Ísafirði

8 stunda vinnudagur sex daga vikunnar

Prentarar náðu þeim sögulega árangri í samningum 1920 að semja um 8 stunda vinnudag sex daga vikunnar. Um 1940 var sú tilhögun orðin almenn á vinnumarkaði, þ.e. 48 stunda vinnuvika. Það var ekki fyrr en 1972 að 40 stunda vinnuvikan var lögfest og þar með dró verulega úr vinnu fólks á laugardögum.

Lög um byggingu verkamannabústaða

Eitt af fyrstu baráttumálum Alþýðuflokksins, sem þá var hluti af ASÍ, var frumvarp til laga um verkamannabústaði. Árið 1928 sýndi rannsókn á húsnæðismálum í Reykjavík að þriðjungur íbúða í bænum voru annaðhvort kjallara- eða súðaíbúðir og margar þeirra heilsuspillandi. Árið 1929 setti Alþingi lög um byggingu verkamannabústaða. Fljótlega á eftir risu verkamannabústaðir, m.a. mörg hús við Hringbraut í Reykjavík sem voru alger bylting. Í kjölfar lagasetningarinnar voru stofnuð byggingafélög verkamanna víða um land og síðar byggingasjóður verkamanna sem stóð fyrir byggingu þúsunda íbúða fram á 8. áratug síðustu aldar. Breiðholtið er annað gott dæmi um þessar framkvæmdir sem verða seint metnar til fulls.

Gúttóslagurinn 1932

Gúttóslagurinn 1932 varð þegar meirihluti Sjálfstæðisflokks í bæjarstjórn Reykjavíkur reyndi að knýja fram verulega launalækkun hjá verkamönnum í bæjarvinnunni. Verkamenn fjölmenntu fyrir utan Góðtemplarahúsið þar sem fundurinn fór fram. Þangað hafði öllu lögregluíðri bæjarins verið stefnt auk svokallaðra hvítliða. Þegar umræða um málið hófst ruddust verkamenn inn í húsið þar sem lögregla mætti þeim með kylfur á lofti. Mikil átök urðu þar sem verkamenn, með stólfætur að vopni, höfðu betur gegn lögreglu og hvítliðum. Verkamenn unnu líka málefnalegan sigur því ríkisstjórnin samþykkti eftir þetta aukið fjármagn til atvinnubótavinnu og að kaup skyldi haldast óbreytt. Um þennan atburð orti Steinn Steinarr ljóðið *Verkamaður*.



Sildarpeningur settur í stígvél sildarsöltunarstúlkú á Siglufirði eftir miðja 20. öld, til marks um afköst við söltunina og launin. Konur báru uppi fiskvinnslu í landi en laun þeirra voru lengi mun lægri en laun karla. Ljósmynd Guðni Þórðarson. Þjóðminjasafn Íslands

Verkföll lögleg

Með vinnulöggjöfni 1938 urðu verkföll lögleg en þeim mátti þó aðeins beita í kaupdeilum og þau þurfti að boða með 7 daga fyrirvara. Með lögnum fengu verkalyðsfélög lögbundið umboð til að koma fram fyrir hönd félaga sinna en áður hafði umboðið fyrst og fremst falist í félagslegri samheldni.

12 daga sumarleyfi

Á stríðsárunum varð skyndilega mikil eftirspurn eftir vinnuafli og í því ástandi náði verkalyðshreyfingin fram ýmsum mikilvægum baráttumálum eins og 8 stunda vinnudegi, 40% launahækkun, hækkun yfirvinnutaxta og réttinum til orlofs. 12 daga sumarleyfi var mikill sigur á þessum tíma og til að verkafólk gæti nýtt þetta nýfengna frí fóru verkalyðsfélögin að byggja upp sumarbústaði víða um land og lána tjöld til útilægu. Orlofið var lengt í 18 daga eftir verkfallsátök 14 árum síðar. Lágmarksorlof einstaklings í fullri vinnu er nú 24 dagar á ári.

Atvinnuleysisbætur

Eftir harðvítugt sex vikna verkfall árið 1956 náðist sigur í gömlu baráttumáli verkalyðshreyfingarinnar um atvinnuleysisbætur. Frumvarp til laga um atvinnuleysisstryggingar hafði verið flutt á hverju þingi í 14 ár en allt af verið fellt eða svæft í nefnd. Sigur í þessu baráttumáli hefur haft mikil áhrif til langs tíma. Grunn atvinnuleysisbætur eru nú ríflega 200 þúsund á mánuði.



Frá 28. þingi Alþýðusambandsins árið 1962 í íþróttahúsi KR, þarna hittist fólk af öllu landinu, kynntist og gladdist. Á þingunum fór fram stefnumörkun og tekist var á um yfirráð í sambandinu. Ljósmynd Ingimundur Magnússon. Þjóðminjasafn Íslands



KLUKK

KLUKK-INN | KLUKK-ÚT



VERTU MEÐ VINNUTÍMANA Á HREINU

Klukk er nýtt og frítt tímaskráningarapp fyrir launafólk. Þú skráir vinnutímana þína með einum smelli í Klukk og veist þá nákvæmlega hversu mikið þú vinnur og hvenær. Hægt er að virkja staðsetningarbúnað í appinu sem minnir þig á að klukka þig inn eða út. Náðu þér í Klukk í AppStore eða á GooglePlay.

Nánar á asi.is/klukk

Þriggja mánaða fæðingarorlof

Starfsstúlknafélagið Sókn náði þeim mikilsverða áfanga í kjarasamningi sínum árið 1957 að samið var um þriggja mánaða fæðingarorlof á launum fyrir þær konur sem höfðu unnið fjögur ár eða lengur innan ramma félagsins. Sókn var fyrsta verkakvennafélagið sem náði þessum áfanga. Árið 1960 tók þing ASÍ undir kröfu þess efnis að allar vinnandi konur ættu rétt á þriggja mánaða fæðingarorlofi á fullum launum, eins og tíðkaðist hjá þeim konum sem unnu hjá ríkinu. Fæðingarorlof á launum er nú 9 mánuðir og geta foreldrar skipt þeim á milli sín.

Jafnrétti í launamálum

Í upphafi 20. aldar þjuggu konur við mikið harðræði í vinnu og fengu mun lægri laun en karlar. Mörg dæmi voru um karla og konur sem báru sömu fiskbörurnar en annað var með helmingi lægri laun en hitt. Snemma fjölluðu verkalyðsfélög um mikilvægi þess að bæta aðstæður kvenna og á þingi ASÍ 1930 var samþykkt ályktun um að konur og unglingar sem ynnu sömu störf og karlmenn skyldu fá sömu laun. Hannibal Valdimarsson, þáverandi forseti ASÍ, flutti fyrstur frumvarp á þingi 1948-49 um jafnrétti karla og kvenna í launamálum. Frumvarp Hannibals um launajafnrétti var samþykkt í sjöttu atrennu árið 1962. Þrátt fyrir að launajafnrétti hafi verið lögbundið í ríma hálföld en er enn langt í land og sannarlega verk að vinna.

Lífeyrissjóðir á lamenum vinnumarkaði

Í kjarasamningum árið 1969 náðist samkomulag um að koma á fót lífeyrissjóðum á almennum vinnumarkaði. Þegar ASÍ samdi um lífeyrissjóðir fyrir almennt launafólk var ellilífeyrir almannatrygginga sem nemur 25% af dagvinnulaunum verkamanna. Á þeim árum var það algerlega ljóst að enginn gat séð sér farborða af slíkum greiðslum og voru eldri borgarar því háðir afkomendum sínum eða sveitarfélögum um framfærslu í ellinni. Lífeyrissjóðirnir eru grundvallaðir á hugsuninni um samtryggingu og samhjálp. Þeim er ætlað að tryggja félögum sínum, mökum og börnum, sómasamlega afkomu ef atvinnutekjur bregðast, vegna elli, örorku eða andláts. Réttur til lífeyris úr sjóðunum eykst eftir því sem meira og lengur er greitt til þeirra.



Í samgöngulausu landi þurfti margar hendur við vega- og brúagerð. Alþýðusambandið fór snemma að beita sér í kjaramálum þess hóps og samræma launakjör vegavinnnumanna. Ljósmynd: Geir Zöega. Þjóðminjasafn Íslands

Lög um sjúkrasjóði

Með lögum um sjúkrasjóði árið 1979 var atvinnurekendum gert skylt að greiða a.m.k. 1% af útborguðu kaupum í sjúkrasjóð. Tilgangur sjúkrasjóða er fyrst og fremst að greiða félagsmönnum bætur í sjúkra- og slysatilfellum eftir að launagreiðslum frá atvinnurekanda líkur. Sjúkrasjóðir stéttarfélaganna veita félagsmönnum sínum auk þess margvíslegan stuðning vegna heilsuræktar, lyfjakostnaðar, sjúkraþjálfunar, sálfræðimeðferðar, gleraugnakaupa og umfangsmikilla tannviðgerða svo dæmi séu tekin.

Mikilvægir sigrar

Á seinni árum hefur verkalyðshreyfingin barist fyrir og náð sigri í málum eins og feðraorlofi, verðtryggingu persónuafsláttar, stofnun Virk – starfsendurhæfingarsjóðs, annað tækifæri til náms auk þess að berjast gegn undirboðum á vinnumarkaði. Þar fyrir utan er aðalhlutverk stéttarféлага innan Alþýðusambandsins að semja um kaup og kjör fyrir sína 100 þúsund félagsmenn.



Efling-stéttarfélag vinnur fyrir þig

- Sterkari saman!

Efling-stéttarfélag • Sættún 1 • Sími 510 7500 • Fax 510 7501 • www.efling.is



- Stendur með þér

DEILDU ÞINNI SÖGU MEÐ:

#EKKERT SVINDL

Veist þú um fyrirtæki sem brjóta á ungu fólki eða erlendum starfsmönnum og nýta sér þekkingarleysi þeirra á réttindum sínum?

Deilum reynslu okkar með myllumerkinu #EkkertSvindl og upprætum svindlið!

Styðjum baráttuna gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði með virkum hætti

Upplýsum ...



... erlenda starfsmenn og ungt fólk um réttindi þeirra og skyldur.



... erlend fyrirtæki og aðra atvinnurekendur sem ráða erlenda starfsmenn og ungt fólk um skyldur sem því fylgja.



... brot á vinnumarkaði, krefjumst úrbóta og komum upplýsingum um meint brot til viðkomandi stjórnvalda og eftirlitsstofnana.



Kynntu þér málið á vefsíðu verkefnisins:
www.asi.is/ekkertsvindl

Alþýðusamband Íslands



Auður Jónsdóttir rithöfundur

MINNING UM 1. MAÍ



Langamma mín, móðir móðurömmu minnar, Halldóra Jónsdóttir, fór ávallt í sparifötin á 1. maí, peysuföt með öllu tilheyrandi. Þessi dagur var sá allra hátíðlegasti og var hún þó kona sem lagði upp úr því að skapa viðeigandi andrúmsloft á hátíðisdögum eins og jólum og páskum. Hún var mikil verkalýðskona og kvenréttindakona, sannur frumkvöðull í ölduróti jafnréttishugsjóna sem skiluðu okkur nú síðast frelsun geirvörtunnar – þó að henni hefði persónulega kannski ekkert litist á slíka frelsun í speglasal síns tíðaranda, siðprúð og ströng að kenna þýsku í Verslunarskólanum snemma á tuttugustu öld.

Ég náði ekki að kynnast henni, ég hef aðeins heyrt af henni sögur. Stundum skemmta frænkur mínar sér yfir einhverju sem hún á að hafa sagt eða gert af slíkum ógnar myndarskap að þeim finnst hann ennþá fyndinn, eins og sagan af því þegar hún hætti að reykja af því að henni var byrjað að þykja það gott. Samt, sama hversu innilega frænkurnar flissa – þær sem verða bráðum sjálfar langömmur – þá leynir sér aldrei djúpstæð virðingin fyrir þessum mikla skörungi, ættmóður okkar í heimsaumuðu peysufötunum með fallega handbragðinu.

Hún vissi nefnilega sínu viti og frænkurnar vita það. Halldóra Jónsdóttir, fædd í afskekkttri sveit á Íslandi þar sem var rífist um eina sjóstakkinn á

heimilinu áður en konurnar réru út í misjöfnum veðrum, gerði sér betur grein fyrir því en svo mörg upplýst og fínt menntuð manneskjan í dag að mannréttindi og mannsæmandi kjör almennings eru ekki sjálfgefin.

Hallærisleg tímaskekkja?

Allt þetta sem ég hélt níutíu og eitthvað að yrði framvegis til staðar fyrir alla því þá virtist heimurinn vera á svo óhagganlegri uppleið að fátt virtist hallærislegri tímaskekkja en að halda áfram að mæta í 1. maígöngu með ættingjum sínum. Hofmóðugur ungæðisháttur fékk mig til að flissa að 1. maí með álíka kaldhæðinni æskuvinkonu þegar við rifjuðum upp hvernig fjölskyldur okkar höfðu alltaf á þessum degi keyrt á Landroverjippum skreyttum fánum og hreindýrahornum frá Mosfellsdal til Reykjavíkur til að marsera þar og syngja internasjónalinn, áður en lýðurinn fékk að hlýja sér í sjoppu með pylsumóðu á rúðunum. Og hvernig við fengum, eitt árið, að smygla okkur inn á fyrsta bjórlíkisbarinn til að skála við foreldrana fyrir hinum svokallaða verkalýð, enda báðar þá komnar í unglingavinnuna og farnar að reykja rauðan Royal. En ég man samt eftir því að hafa mætt í gönguna snemma á tíunda áratugnum, sirka árið 1991, án þess að flissa, kannski af því að æskuvinkonan hélt sig þá á einhverjum smartari stað og við mamma fórum bara tvær.

Það var sport í því að fara þetta saman mæðgurnar því ég átti þrjú yngri systkini og það yngsta aðeins rétt tæplega eins árs og kraftaverk að mamma skyldi hafa stungið upp á að við færum einar saman í gönguna. Ég var virkilega upp með mér, þó að ég væri nýorðin átján og allt það.

Nýfrjálshyggju mótmælt í regnfrakka og lopapeysu

Við gengum syngjandi niður Laugavegin, ég og mamma. Tvær saman mæðgurnar að syngja til að mótmæla nýfrjálshyggjuvæðingu og stórfyrirtækjaræði heimsins, báðar í regnfrakka yfir lopapeysu og reykjandi í rokinu, hún að vísu finni tegund en ég. Mér fannst hún svo smart og sæt þarna þegar hún hló stelpulegum hlátri, komin burt frá öllum litlu börnunum. Í göngunni hitti hún gamla kunningja sem ég hafði aldrei séð áður og tilheyrðu ekki sveitaklaninu á Landroverjeppunum.

Ég horfði á hana með ósvikinni aðdáun, umkringda þessu fólki sem hún sagðist hafa kynnst á Ríkisútvarpinu þegar hún var þar að flytja pistla og unnið með á Helgarpóstinum og gott ef ekki Þjóðviljanum. Fólkið var kátt í bragði og við mæðgur fylgdum því að Hressó, helsta samverustað mínum þar sem ég var von að sleikja mig upp við dyraverði til að eiga séns í næturlífi borgarinnar en sat nú virðuleg og reykjandi yfir kaffisopa með helstu blaðamönnum bæjarins.

/// Mig langar ennþá til að verða eins og þetta fólk því á litla Íslandi hefur gjáin á milli almennings og auðvaldsins breikkað svo að setningin ein hljómar eins og í lélegri skáldsögu í upphafi síðustu aldar en er því miður sönn. Ég trúði því að heimurinn færi bara batnandi – þangað til allt hrundi. ///

Á þessum tíma lá ég mikið í bókum eftir baráttukonurnar Fay Weldon og Isabel Allende, önnur hárbeyttur háðfugl að fletta ofan af tvískinnungi samfélagsins í sambúð karla og kvenna, hin að skrifa um fjöldamorð herforingjastjórnarinnar í Chile. Ég hafði erft bækurnar þeirra frá mömmu og þarna, á þessari stundu, innan um þetta skemmtilega blaðafólk fannst mér þessi skáldædol mín renna saman og verða að henni mömmu. Hún hló meinhæðin og skelegg með þessu fólki sem mér fannst svo heillandi og þau voru öll svo krítísk og klár og fyndin þegar þau töluðu um kjör fólks, kjánalega pólitíkusa og einhvern kolkrabba með angana út um allt Ísland að ég hugsaði: Svona langar mig að verða. Ég ætla alltaf að vera í breskum regnfrakka og berjast gegn auðræði heimsins og hlæja með smörtu vinunum mínum sem vinna á sjálfstæðum dagblöðum eins og sæta blaðakonan í bókinni hennar Isabel Allende.

Helsti hátíðisdagur mannkyns

Síðan var stundin allt í einu liðin og ég mundi hana ekki fyrr en nýlega, að ég sá þau fyrir mér þarna, ung og hlæjandi, þau sem eru löngu orðin

afar og ömmur í dag. Fjölmíðlafólk sem trúði á áhrifamátt fjölmíðla, þennan mátt sem öflugustu hagsmunaöfl heimsins óttast svo mikið að þau reyna stöðugt að mergsjúga hann með eignarhaldi, á tímum þegar stórfyrirtækjaræði heimsins hefur þrýst mannlífina fram á brún hydýpis og okkur sundlar af staðreyndum um skelfilega fátækt, loftslagsbreytingar, vatnsskort, fólk á flótta, hryðjuverk, misrétti og vanmátt manneskjunnar.

Mig langar ennþá til að verða eins og þetta fólk því á litla Íslandi hefur gjáin á milli almennings og auðvaldsins breikkað svo að setningin ein hljómar eins og í lélegri skáldsögu í upphafi síðustu aldar en er því miður sönn. Ég trúði því að heimurinn færi bara batnandi – þangað til allt hrundi. Og það heldur áfram að molna úr undirstöðum samfélagsins. Úr heilbrigðiskerfinu, menntakerfinu, velferðarkerfinu, öllu því sem ég trúði blint að yrði alltaf í lagi þegar Todmobile var upp á sitt besta.

Eitthvað sem átti ekki að geta horfið af því að manneskjunnar á Vesturlöndum væru orðnar svo klárar, það hvarf. Eitthvað sem ég get ekki fest fingur á en er svo mikilvægt okkur öllum. Kannski má kalla það sanngirni og heilindi í mannlegri sambúð. Eitthvað sem hún Halldóra, langamma mín, trúði nógu heitt á til að sá fræjum þess í afkomendur sína, þó að þeir hafi gleymt sér þegar góðærið stóð sem hæst. Hún barðist fyrir mannlífina eins og svo margar langömmur og líka langafar okkar, fólk sem stóð fyrir gildi sem er ekki seinna vænna að halda í heiðri ef við ætlum ekki að glutra niður framtíð afkomenda okkar. Við lifum á þannig tímum að 1. maí ætti að vera helsti hátíðardagur mannkyns. Því ef mannkynið trúir á þennan merkisdag, baráttuna fyrir mannvænna og réttlátara skipulagi, er heiminum kannski viðbjargandi.

fána
 fyrirtækjafánar • hátíðarfánar
 þjóðfánar • borðfánar • bannerar

Hótel

MERKIS MENN
 UMHVÆRISMERKINGAR SKILTAGERD
 www.merkismenn 544 2030

Og þar fundu þau frelsið



Það er hætt við því að fæstir núlifandi geri sér grein fyrir því að íslenskur almúgi var í raun ánauðugur þar til 1894 – þ.e. að bændur og yfirvöld héldu um það bil fjórðungi þjóðarinnar í ánauð – ævilöngum þrældómi án nokkurrar vonar um betri tíð og fátæklingar voru dæmdir til einlífis án möguleika á lífsförunaut og afkomendum. Þegar fátækasta fólkinu hafði verið slitið út við vinnu – var það sett á hreppinn og hraktist á milli bæja sem niðursetningar. Svo dó það úr vanhirdu – eitt og yfirgefið, hrætt og umkomulaust og enginn minnst þeirra síðar.

Almúgi um heim allan bjó við þessi skilyrði – eini munurinn var sá að Ísland var lengst af áratugum og árhundruðum á eftir öðrum þjóðum hvað varðaði þróun atvinnulífs og samfélags. Og með refsigliðum sýslumönnum og prestastétt, sem dansaði vangadans við hið veraldlega vald, var alþýðufólki haldið heljartökum í fátækt og fáfræði, eymd og vesaldómi löngu eftir að alþýðufólk í nágrennalöndum hóf að brjóta hlekkina.

Var langamma þín í þessum sporum?

Leiðin til nútíma lífsgæða - hversu misskipt sem þau eru – hefur ekki verið bein og breið. Ekki teppalögð með mjúkum flosteppum. Við getum ímyndað okkur unga konu einhvers staðar í uppsveitum á Austurlandi fyrir 150 árum. Fátæk fæddist hún og fátæk mun hún deyja. Hún ræður sér ekki sjálf – húsbóndi hennar getur bannað henni að fara frá bænum og getur tuktað hana – jafnvel barið – ef honum sýnist svo. Hún gæti hæg-

lega verið langamma einhvers af glæsilega íþróttafólkinu okkar í dag. En hún á ekkert og fær ekki laun utan nauðpurftir.

Hún verður að hafa sveitafestu – þannig að hún getur ekki farið hvert hún vill. Hún má ekki fara úr hreppnum nema með skriflegu leyfi prestsins eða hreppstjórans. Þeir eru á höttum eftir vinnuafli sem ekki má kosta – svo auðvitað leyfa þeir henni ekki að fara neitt. Hún á sig ekki sjálf. Hún er hjú – þeir eru húsbændur.

Kannski varð hún ástfangin af ungum manni – og kannski áttu þau barn saman. Og hafi húsbóndi hennar verið góður maður fékk hún að hafa barnið hjá sér. En barneignir öreiga voru ekki vel séðar svo líklegast var barnið tekið og komið fyrir sem sveitarómaga einhvers staðar – hjá þeim sem best bauð. Þar beið barnsins svo vinnuþrælkun og vanhirda.

Unga manninn hitti hún þegar hann var tiltækur – þegar hann hafði ekki verið sendur á sjó; ánauðugur reri hann á áraskipum, fátækur og illa búinn og húsbóndinn hirti hlutinn hans. Sjálfur fékk hann sín vinnumannslaun en hásetahlutinn hirti húsbóndinn. Þannig urðu menn efnaði.

Að deyja úr fátækt

Árið 1894 var vistarbandinu aflétt – þau réðu sér sjálf. Þau áttu ekkert en voru uppnumin af frelsinu. Þeim fannst lífið loks réttlátt – þau gátu komið og farið og gátu ráðið sig í vinnu þar sem þau vildu. Þau fluttu á mölina – til Neskaupstaðar, Vopnafjarðar eða til þessara útróðra- og verslunarstaða sem eflidust til muna við aukið framboð á vinnuafli og aukna verslun. Þar fundu þau frelsið – að geta ráðið sér sjálf.

En það var skammvinn hamingja. Nokkrum árum síðar voru ungu hjónin – uppgefin og slitin – í kofahreysi með moldargólfi. Gamalmenni fyrir aldur fram. Konan búin á líkama og sál af því að vaska fisk úti í öllum veðrum og af því að jarða börnin sína hvert á fætur öðru. Börnin sem dóu af umgangspæstum – en mest af lélegri næringu og slæmu húsnæði: Af fátækt. Hann hokinn og lúinn af þrældómi á opnum skipum undir ógnarsvipu atvinnuleysis og umkomuleysis. Samstöðuleysið var algert – ef einn möglaði og var rekinn var alltaf annar tilbúinn til að taka plássið. Börnin voru jú svöng og það þurfti að afla matar. Þannig verða menn frjálssir þrælur.

Samstaða gegn óréttlæti

En það voru menn og konur sem ekki sættu sig við þetta ástand og vindar félagshyggju tóku að gæla við vinnulúna vanga. Menn fóru að tala sig saman – lágum rómi undir gaffli. Erlendis var fólk víst að taka sig saman í félög – og stóðu uppi í hárinu á yfirvaldinu. Og stóðu saman. Hér reyndu yfirvöld að stoppa þessa ósvinnu; banna verkalyðsfélög og koma böndum á óeirðarseggi. Lögreglu var sigað á verkfallsmenn og það var barist á brýggjum víða um land.



Konur við fiskþvott í Keflavík 1912

Það reyndust alltaf einhverjir almúgamenn tilbúnir til að slást við meðbræður sína í von um mola af borði auðmanna. Brauðmolahagfræðin er ekkert ný.

Á Seyðisfirði stofnuðu menn verkalýðsfélag en það var brotið á bak aftur. Forvígismenn voru sveltir til hlýðni. Þeir fengu ekki vinnu. Félagið leystist upp. En það var geymt en ekki gleymt. Þeir komu aftur og stofnuðu sterkara félag. Loks 1916 voru komin félög víðast hvar um landið og það voru sjómannafélög og verkamannafélög og iðnaðarmannafélög og þá varð Alþýðusambandið til.

ASÍ hefur alltaf átt sér óvildarfólk

Síðustu hundrað árin hefur Alþýðusamband Íslands alltaf verið umdeilt – alltaf átt óvildarfólk og alltaf hefur verið reynt að auka á sundrungu innan þess. En á þessum sömu árum hefur Alþýðusambandið alltaf verið í fararbroddi í öllum málum er snerta velferð almennings. Barist fyrir launum, fyrir uppsagnarfresti, atvinnuleysisbótum, veikindarétti, veikindalaunum, orlofi, fæðingarorlofi, bættri menntun alþýðufólks og ekki síst fyrir mannsæmandi húsnæði fyrir launafólk.

Allt þetta hefur sætt ámæli og alltaf hafa auðstéttirnar með leigupennum sínum beitt sér harkalega gegn Alþýðusambandinu og forystufólki þess – það hefur sætt hvers kyns rógi og illmælgj enda er baráttan hörð, hagsmunirnir miklir. Það eru engin geimvísindi að skilja að eftir því sem hagur launafólks batnar og réttindi aukast – verða færri krónur eftir til að deila út í ofsagróða auðstéttanna.

Mögulega finnst núlifandi afkomenda hjónanna sem áður er minnst á – Alþýðusambandið eða AFL Starfsgreinafélag vera glötuð fyrirbæri, gamaldags og nánast óþarfi. Kannski gerir hann/hún sér ekki grein fyrir að langafabroðirinn var útilokaður frá vinnu árum saman og lifði á samstöðu annarra örsnaðra – og bara af því hann stóð upp fyrir rétti sínum. Mögulega vita þau ekki að fjarskyld frænka fór í fararbroddi kvenna í Hafnarfirði sem kröfðust yfirvinnukaups um helgar – en það fengu konur ekki í þá tíð.

Þau vita ekki að fjölskyldan missti allt sitt á fyrripart síðustu aldar þegar fjölskyldufaðirinn slasaðist við vinnu og var þá bara settur í land án launa og án trygginga. Fjölskyldan stóð bjargalaus eftir og hraktist úr lélegu húsnæði í enn lélegra. Þeim er mögulega ekki kunnugt um að afabroðir þeirra var dæmdur í 5 mánaða fangelsi fyrir þátttöku í Borðeyrardeilunni svokölluðu þar sem verkamenn börðust við lögreglu og hvítlíðasveit sem sett var lögreglu til aðstoðar.



Fólk við fiskvinnslu á fyrri hluta síðustu aldar

Allt þetta gerði fólk í nafni verkalýðsbaráttu – í nafni Alþýðusambandsins. Og það gerði það til að brjóta hlekkina og til að standa jafnrétt hátt og semja um eigin kjör og kaup en láta ekki kúsa sig eins og leiguliða og ánauðuga þræla. Baráttan var ekki þrautalaus.

Í verkalýðsbaráttu stöndum við aldrei ein

Jafn beiskir og ósigrarnir hafa verið þessi hundrað ár eru sigrarnir sætir – það voru hamingjustundir hjá örsnaðu fólk sem flutti úr kjallaraholum þar sem skolpið lék um gólfin á flóði, þar sem rottur skutust milli barna að leik og í nýjar og glæsilegar íbúðir verkamannabústaða. Og það voru stoltir verkamenn sem buðu fjölskyldum sínum í nýju sumarhús verkalýðsfélaganna á Einarstöðum. Illugastöðum eða Ölfusborgum. Sumarfrí, orlof og sumarhús – þetta voru alveg ný hugtök fyrir almúgann.

/// Síðustu hundrað árin hefur Alþýðusamband Íslands alltaf verið umdeilt – alltaf átt óvildarfólk og alltaf hefur verið reynt að auka á sundrungu innan þess. En á þessum sömu árum hefur Alþýðusambandið alltaf verið í fararbroddi í öllum málum er snerta velferð almennings. ///

Því miður er það svo að það sér ekki fyrir endann á verkefnum. Enn er hart sótt að alþýðufólki, húsnæðismál þarfnast tafarlausra úrlausna, heilbrigðisþjónustan er á hraðferð í einkarekstur þar sem fjárráð hinna veiku munu ráða meðferð og aftur er þrælhalld og slæm meðferð á fólk kominn á dagskrá. Auðvaldið – ótýndir kennitölflakkarar og efnahagsglæpamenn láta einskis ófreistað til að komast yfir skjótfenginn gróða og ef það þýðir að ræna fólk frelsinu þá gera þeir það. Ef það þýðir að brjóta á bak aftur áratuga réttindabaráttu íslensks launafólks – þá freista þeir þess.

En kannski er mikilvægasti árangur verkalýðsbaráttunnar sá að við stöndum ekki ein. Mögulega var eitt þeirra tuga dómsmála sem AFL hefur háð á liðnum árum – vegna eins afkomanda fátæku konunnar úr upp-sveitum. Kannski sóttum við veikindaréttinn hans með dómi eða uppsagnarfrestinn hennar. Kannski voru það slysbætur eða jafnréttismál. Með samtakamættinum höfum við tekið svipu atvinnu- og umkomuleys af húsbóndanum. Það á enginn að vera umkomulaus sem er í stéttarfélagi. Þar á enginn að standa einn í sinni baráttu.

Baráttan gegn svindlurunum



Alþýðusambands Íslands hefur hrint af stað sérstöku samstarfsverkefni ASÍ og aðildarsamtakanna sem beint er gegn undirboðum á vinnumarkaði og svartri atvinnustarfsemi, með sérstakri áherslu á að verja réttindi útlendinga og ungs fólks. Yfirskrift verkefnisins er *Einn réttur – ekkert svindl!*

Brotastarfsemin þróaðri en áður

ASÍ hefur á undangengnum mánuðum og misserum orðið áskynja um stöðugt vaxandi brotastarfsemi vegna undirboða á vinnumarkaði og svartrar atvinnustarfsemi. Ástandið er verst í byggingariðnaði og mannvirkjagerð og í ferðapjónustunni, þótt aðrar greinar séu ekki óhultar, og má helst líkja því við ástandið á vinnumarkaði fyrir hrúnið 2008, en bara ennþá verra. Brotastarfsemin beinist einkum að þeim sem eru veikastir fyrir og þekkja síst þær reglur og þau réttindi sem hér gilda, útlendingum og ungu fólki. Birtingarmyndir brotastarfseminnar eru einkum með þrennum hætti:

- Kjarasamningar eru ekki virtir og réttindi fótum troðin, launafólk hvatt til að vera í svartri vinnu og ungmenni blekktil að til að vinna „prufudaga“ eða „prufuvakt“ eða ráða sig „til reynslu“ án launa.
- Laun og önnur starfskjör útlendinga eru langt undir því sem kjarasamningar kveða á um, starfsaldur og starfsréttindi ekki virt og yfirvinna og veikindalaun ekki greidd. Aðbúnaður og öryggismál

eru gjarnan í ólestri. Um er að ræða fyrirtæki í hefðbundinni verktakastarfsemi, en einnig í vaxandi mæli starfsmannaleigur. Þá eru einnig dæmi um að fyrirtækin reyni að skjóta sér undan sínum skyldum með gerviverktöku.

- Erlend ungmenni eru ráðin í „sjálfboðaliðastörf“ af ýmsu tagi, sem oftast en ekki falla undir reglur vinnumarkaðarins og eru launavinna án þess að nokkur laun séu greidd. Sama gildir um sumt af „starfsþjálfun“ sem erlend ungmenni er sögð stunda hér.

Framangreindu athæfi fylgir ekki aðeins að brotið sé á þeim einstaklingum sem um ræðir, hvað varðar laun og önnur starfskjör. Henni fylgir jafnframt að fyrirtækin sem um ræðir reyna með öllum ráðum að koma sér undan sköttum og skyldum og að greiða þannig til samfélagsins því sem þeim ber.

Að mati þeirra sem best þekkja til eru þær aðferðir sem notaðar eru við þessa brotastarfsemi um margt, „þróaðri“ og ósvífarni en áður hefur sést hér á landi.

Þörf á markvissum aðgerðum

Þær aðstæður sem að framan er lýst krefjast öflugra og markvissra aðgerða af hálfu verkalýðshreyfingarinnar og annarra sem málið varðar.

Viðfangsefnið er:

- Að tryggja kjör og réttindi á íslenskum vinnumarkaði fyrir alla sem hér starfa, þ.m.t. útlendinga sem hingað koma og ungt fólk sem er að hefja þátttöku á vinnumarkaði.
- Að tryggja að skipulag á íslenskum vinnumarkaði sé virt, þ.m.t. kjarasamningar og þær samskiptareglur sem hér gilda.
- Að tryggja starfsemi og eðlilega samkeppnisstöðu fyrirtækja sem virða kjarasamninga og lög og þau viðmið og samskipti sem gilda á íslenskum vinnumarkaði og eru kjölfestan í íslensku atvinnulífi.
- Að tryggja að sameiginlegir sjóðir samfélagsins fái sitt til að fjármagna m.a. öflugt heilbrigðis-, velferðar- og menntakerfi.

Skilaboð verkalýðshreyfingarinnar eru skýr; það tapa allir á þessari brotastarfsemi nema svindlararnir. Krafa er að öll fyrirtæki sem hér starfa, erlend jafnt og innlend, virði laun og önnur starfskjör og margháttaðu réttindi sem launafólk hefur áunnið sér, oft með mikilli baráttu og fórnun, og endurspeglast í kjarasamningum og lögum sem hér gilda.

Öflugt vinnustaðaeftirlit lykillinn að árangri

Alþýðusambandið og aðildarsamtökin líta á baráttuna gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði sem viðvarandi verkefni aðildarfélaganna og hluta af kjarnastarfsemi þeirra. Öflugasta tækið í þeirri baráttu eru vinnustaðahéimsóknir og markvisst vinnustaðaeftirlit, þar sem markmiðið er að:

- Upplýsa launafólk, um réttindi þess og atvinnurekendur um skyldur þeirra samkvæmt kjarasamningum og lögum.
- Upplýsa launafólk um starfsemi stéttarfélaganna, margháttaða þjónustu og mikilvæg réttindi sem félagsaðildin gefur um leið og tengslin á milli félagsmanna og stéttarfélaganna eru eflað.
- Auka yfirsýn stéttarfélaganna á atvinnulífinu á svæðinu, stöðunni á vinnumarkaði, framgöngu fyrirtækjanna og mögulegri brotastarfsemi.
- Bæta möguleika stéttarfélaganna til að afla upplýsinga um brot á starfsmönnum og krefjast úrbóta. Jafnframt að sporna við undirboðum á vinnumarkaði, svartri atvinnustarfsemi og annarri brotastarfsemi og fylgja málum eftir.
- Eftirfylgni og aðgerðir, sem tryggi að árangurinn af baráttunni gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði skili sér alla leið og þar með til þeirra stjórnvaldsstofnana sem málið varðar.

Til að styðja við þetta starf hefur verið þróað skipulag og samræmd nálgun aðildarsamtaka ASÍ. Einnig hefur verið útbúið margvíslegt upplýsinga- og kynningarefni fyrir erlenda starfsmenn og ungt fólk á vinnumarkaði sem nálgast má á vefnum ekkersvindl.is. Þá hafa verið ráðnir sérstakir starfsmenn af hálfu stéttarfélaganna víða um land til að skipuleggja og halda utan um heimsóknirnar og eftirlitið á hverju svæði.

Lítill áhugi SA veldur áhyggjum

Árangurinn af verkefninu mun öðru fremur byggja á miklu og góðu samstarfi ASÍ og aðildarsamtakanna og eftirlitsfulltrúa þeirra. En jafnframt er ljóst að aðilar utan ASÍ sem málið varðar og þátttaka þeirra getur ráðið úrslitum. Það á sérstaklega við um Samtök atvinnulífsins og aðildarsamtök þess, Vinnumálastofnun, ríkisskattstjóra, Vinnueftirlitið og lögregluna.

Allt eru þetta aðilar sem bera ábyrgð á vinnumarkaðinum og að fyrirtæki og einstaklingar sem þar starfa virði kjarasamninga og lög og þær samskiptareglur sem hér gilda.

Ríkur vilji er til að þetta samstarf verði farsælt og árangursríkt. Í upphafi hefur áhersla verið lögð á eftirlit og aðgerðir í byggingariðnaðinum á höfuðborgarsvæðinu. Nú er svo ferðapjónustan að bæstast við, jafnframt því sem farið er í samræmdar aðgerðir um land allt.

Það er hins vegar áhyggjuefni að Samtök atvinnulífsins og aðildarsamtök þess hafa ekki verið sérstaklega áhugasöm eða sýnt raunverulegan vilja í verki til að eiga samstarf um aðgerðir gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði.

Nauðsynlegt að treysta löggjöfina

Mikilvægt er að halda til haga að hér á landi er um margt betri og traustari löggjöf og regluverk þegar kemur að því að glíma við svika- og brotastarfsemi á vinnumarkaði en víða annars staðar í Evrópu. Hér á landi er löggjöf sem kveður á um að allir á íslenskum vinnumarkaði skuli njóta að lágmarki þeirra kjara og réttinda sem kjarasamningar ákvarða, óháð aldri, kyni eða þjóðerni, og að annað fyrirkomulag sé ólöglegt. Þá skulu starfsmenn starfsmannaleiga, jafnt erlendra sem innlendra, njóta sömu kjara og ef þeir væru í beinu ráðningarsambandi við notenda-fyrirtækið. Einnig verða erlend fyrirtæki sem hér vilja starfa skrá sig hjá Vinnumálastofnun, hafa hér ábyrgðaraðila og skrá þá starfsmenn sem fylgja þeim til landsins.

En það þarf að gera enn betur. Af hálfu Alþýðusambandsins er sérstök áhersla lögð á tvennt. Annars vegar að leidd verði í lög hér á landi svokölluð keðjuábyrgð. Það felur í sér að verkkaupar og/eða aðalverktakar beri ábyrgð á öllum undirverktökum hvað varðar laun og önnur starfskjör og skil á sköttum og öðrum gjöldum. Með þessu telur ASÍ að verkkaupar og aðalverktakar muni vanda mun betur en nú er val á undirverktökum. Hins vegar að viðurlög vegna brota á kjarasamningum og lögum verði þyngd til muna, bæði sektarheimildir og stöðvun á starfsemi.

Ábyrgðin er okkar allra

Lögð hefur verið áhersla á að árangurinn í baráttunni gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði byggir á miklu og góðu samstarfi allra þeirra sem málið varðar. Alþýðusambandið og aðildarsamtök þess hafa ákveðið að axla ríka ábyrgð með stórefldri upplýsingastarfsemi og vinnustaðaeftirlit. Þá hafa Vinnumálastofnun, ríkisskattstjóri Vinnueftirlitið og lögregla eftir til muna sitt starf og gengið til samstarfs við verkalýðshreyfinguna. Þá hafa margir fjölmiðlar tekið hlutverk sitt alvarlega með því að miðla upplýsingum til almennings og bent á alvarlegar afleiðingar brotastarfseminnar. Eftir standa samtök atvinnurekenda sem líka bera ríka ábyrgð og hafa skuldbindingar gagnvart vinnumarkaðinum.

Til að fullur sigur vinnist þarf öflugri löggjöf og að allir framangreindir aðilar vinni vel saman með aðstoð fólksins í landinu. Þegar almenningur leggst á sveif með verkalýðshreyfingunni og stjórnvöldum og upplýsir um brot sem hann verður vitni að, verður brotafyrirtækjunum ekki vært. Það er á ábyrgð okkar allra að uppræta svindlið.

Kynntu þér málið á vefsíðu verkefnisins:
www.asi.is/ekkersvindl



Óskum ASÍ til hamingju með 100 ára afmælið

 Til góðra verka	 Akureyri ÖL LÍFISV. 6801	 ALCOA	 ALDAM STETTARFÉLAG	 BÁRAN STETTARFÉLAG STORVÁÐ 25. JÚNÍ 1882	 BÍLJÖFUR	 BRIM SEAFOOD
 BFS BRÚ - FÉLAG STJÓRNENDA	 BYGGIÐN Félag byggingarmanna	 BYKO GERUM ÞETTA SAMAN		 Elkem Island	 FÉLAG ATVINNUREKENDA	 FÉLAG HÁRSNYRTISVEINA
 FIT FÉLAG IÐN- OG TÆKNIGREINA www.fit.is	 FVSA	 FÉLAGSBÚSTADIR HF	 Fjallabyggð	 FFI	 GILDI	 Góða Stofn 1968
 GRAFÍA	 GRINDAVÍKURBÆR	 HAPPRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS veitiger til vinnslu	 HB GRANDI	 Heimsferðir	 HÉÐINN	 das HRAFNISTA
 HS ORKA	 HÖFNAFFEL	 IDAN fræðskusetun	 IGS GROUND SERVICES	 Íslandsspil	 JÁVERI	 KB
 KG	 KJARAN GÓLFERN OG SKRIFSTOFUÉRI	 Kjörís	 KPMG		 LANDSAMTÖK LÍFVEISSIÐJA	
 LA LAUNAFLL	 LYSI	 LÖNDUN EHF.	 MATVIS	 MIÖLKURSAMSALAN	 MÖSIFELLSBAKAR	 MÖSIFELLSBAKAR
 NORÐURORKA Vatnaveita • Rafveita • Hlávaveita • Frávveita	 NÝSKÖPUNARSJÓÐUR	 olis	 OR Orkuveita Reykjavíkur	 Póst dreifing	 RAFIDNABARSKÓLINN	 RAFTAKN VERKFRÆÐSTOFA
 Sameinaði Tilfrýttisgjörðun	 Samfylkingin	 SAMHENTIR UMBÜDALAUSNIR	 Samiðn SAMBAÐ BIRTLAUSN	 SAMSKIP	 SI Samtök iðnaðarins	 SÍMUNARSTOFUFRÆÐSTOFU
 Set ehf • Röraverksmiðja	 SFR STETTARFÉLAG Í ALMANNASAMHENTIR	 SVN	 Sjómanna & vélstjórafélag Hafnargötu 9, 240 Grindavík	 SjómannaSAMBAÐ ÍSLANDS	 StarfugrinSAMBAÐ Íslands	 STOFUFRÆÐSTOFU
 STEINULL HF	 Stettarfélag Vesturlands Stofnvegur 21, 210 Borgarnes	 Stettarfélagið Samstaða	 saeplast	 TAPAS	 Útfararþjónustan	 VERKALYÐS OG SJÓMANNAFÉLAG KEITLAUKUR OG NÁÐERNIS
 Verkalýðsfélag Akraness	 Verkalýðsfélag Snæfellinga	 VÍF Suðurlands	 VERK VEST	 VORÐUR 1907	 Verslunarmannafélag Suðurlands	 VERLU NARMANNAFÉLAG SUÐURLANDS
 VÉLVÍK www.velvik.is	 VINNUMALA KÖPFUN	 VÍSIR	 VM Félag vélstjóra og vélverkamanna	 VÖRÐUR FÉLAG STJÓRNENDA & SUÐURLANDS	 PORBJÖRN Hafnargötu 12 - 240 Grindavík	 ÖBÍ

ASÍ til hamingju með 100 ára afmælið



JÓNSSON & LEIÐMANN • JÚLÍ • SÍA





Óskum ASÍ til hamingju með 100 ára afmælið

Reykjavík

Auglýsingastofan ENNEMM
Skeifunni 10
Bandalag háskólamanna
Borgartúni 6
Blaðamannafélag Íslands
Síðumúla 23
Blikksmiðja Reykjavíkur
Súðarvogi 7
Blikksmiðjan Glófaxi hf.
Ármúla 42
Blossi ehf.
Dvergshöfða 27
Danica sjávarafurðir ehf.
Suðurgötu 10
Eignamiðlunin ehf.
Grensásvegi 11
Endurvinnslan hf.
Knarrarvogi 4
Ernst & Young ehf.
Borgartúni 30
Fastus ehf.
Síðumúla 16
Faxaflóahafnir sf.
Hafnarhúsinu Tryggvagötu 17
Félag leiðsögumanna
Stórhöfða 27
Fiskkaup hf.
Fiskislóð 34
Flúgger ehf.
Stórhöfða 44
Gjögur hf.
Kringlunni 7
Globus hf.
Skútuvogi 1f
Grund, dvalar- og
hjúkrunarheimili, Hringbraut 50
Guðmundur Jónasson ehf.
Borgartúni 34
Halldór Jónsson ehf.
Skútuvogi 11
Handþrjónasamband Íslands svf.
Skólavörðustíg 19
Hitastýring hf.
Ármúla 16
Hjúkrunarheimilið Skjól
Kleppsvegi 64
Hollt og gott ehf.
Fosshálsi 1
Iðnmennt ses.
Brautaholti 8
Ísaga hf.
Breiðhöfða 11
Íslenskir aðalverktakar hf.
Höfðabakka 9
Járn og gler ehf.
Skútuvogi 1h
Jói útherji
Ármúla 36
Kemi ehf. - www.kemi.is
Tunguhálsi 10
Kortapjónustan hf.
Kletthálsi 1
Lagnalagerinn ehf.
Fosshálsi 27
Loftstokkahreinsun.is
Garðhúsum 6
Lögmannafélag Íslands
Álftamýri 9
Mímír-símenntun ehf.
Höfðabakka 9
Mjólkurfræðingafélag Íslands
Stórhöfða 31
Nói-Sírius hf.
Hesthálsi 2-4
Nýi ökuskólinn hf.
Klettagarðum 11
Póstmannafélag Íslands
Grettiögútu 89
Pósturinn
Stórhöfða 29

Rarik ehf.
Dvergshöfða 2
Reykjavíkurborg
Ráðhúsinu
Seðlabanki Íslands
Kalkofnsvegi 1
Skeljungur hf.
Borgartúni 26
SM kvótaping ehf.
Tryggvagötu 11
Staki automation ehf.
Síðumúla 32
Steyptstöðin ehf.
Malarhöfða 10
Suzuki bílar hf.
Skeifunni 17
Umslag ehf.
Lágmúla 5
Varma - The Warmth of Iceland
Ármúla 31
Verksýn ehf. - www.verksyn.is
Síðumúla 1
Verslunin Brynja ehf.
Laugavegi 29
Vélar og skip ehf.
Hólmaslóð 4
Ögurvík hf.
Týsgötu 1
Seltjarnarnes
Seltjarnarnesbær
Austurströnd 2

Kópavogur

Alur blikksmiðja ehf.
Smíðjuvegi 58
Á. Guðmundsson ehf.
Bæjarlind 8-10
Flugfélagið Atlanta hf.
Hlíðasmára 3
Frostmark ehf.
Dalvegi 4
Kópavogsbær
Fannborg 2
Lyfjaval ehf.
Hlíðasmára 2
Suðurverk hf.
Hlíðasmára 11

Garðabær

AP-Þrif ehf.
Skeiðarási 12
Garðabær
Garðatorgi 7
Loftorka ehf.
Miðhrauni 10
Marel ehf.
Austurhrauni 9
Stálsmiðjan-Framtak ehf.
Vesturhrauni 1

Hafnarfjörður

Hafnarfjarðarhöfn
Óseyrarbraut 4
Héðinn Schindler lyftur hf.
Gjótuhrauni 4
Hlaðbær-Colas hf.
malbikunarstöð, Gullhellu 1
Hvalur hf.
Reykjavíkurvegi 48
Pappír hf.
Kaplahauni 13
Rafrún ehf.
Gjótuhrauni 8
Trésmiðjan okkar ehf.
Lyngbergi 19a
Umbúðamiðlun ehf.
Fornubúðum 3
Vélsmiðja Guðmundar ehf.
Íshellu 10

Vélsmiðjan Altak ehf.
Drangahrauni 1

Reykjanesbær

Blikksmiðja Ágústus Guðjónsson ehf.
Vesturbraut 14
Verkstjórafélag Suðurnesja
Hafnargötu 15

Sandgerði

Fiskmarkaður Suðurnesja hf.
Hafnargötu 8
Verk- og tölvupjónustan ehf.
Holtsgötu 24
Verkalýðs og sjómannafélag
Sandgerðis, Tjarnargötu 8

Garður

Sveitarfélagið Garður
Sunnubraut 4

Grindavík

Einhamar Seafood ehf.
Verbraut 3a
Marver ehf.
Stafholti
Sílfell ehf.
Skipastíg 13
Verkalýðsfélag Grindavíkur
Vikurbraut 46

Mosfellsbær

Hýsi-Merkúr hf.
Völuteigi 7
Ísfugl ehf.
Reykjavegi 36
Nonni litli ehf.
Þverholti 8

Akranes

Apótek Vesturlands ehf.
Smíðjuvöllum 32
Bifreiðastöð Þórðar Þ. Þórðarsonar
Smíðjuvöllum 15
Bjarnar ehf. vélaleiga
Hólmaföt 2
Skaginn hf. - Þorgeir og Ellert
Spólur ehf.-Hvalfjarðargöng

Hellissandur

Snæfellsbær
Klettsbúð 4

Grundarfjörður

Guðmundur Runólfsson hf.
Sólsvöllum 2

Stykkishólmur

Þórsnes ehf.
Reitavegi 14-16

Búðardalur

Dalabyggð
Miðbraut 11

Reykholahreppur

Þörungaverksmiðjan
Reykholum

Patreksfjörður

Oddi hf. fiskvinnsla-útgerð
Eyrargötu 1

Bolungarvík

Bolungarvíkurkaupstaður
Aðalstræti 12
Endurskoðun Vestfjarða ehf.
Aðalstræti 19
Verkalýðs- og sjómannafélag
Bolungarvíkur, Hafnargötu 37

Ísafjörður

Gámaþjónusta Vestfjarða ehf.
Kirkjubóli III
Ísafjarðarbær
Hafnarstræti 1
Orkubú Vestfjarða ohf.
Stakkanesi 1
Verkstjórafélag Vestfjarða
Móholti 3

Súðavík

Súðavíkurhreppur
Grundarstræti 3
Fiskvinnslan Íslandssaga hf.
Freyjugötu 2

Hólmavík

Hólmadrangur ehf.
Kópnesbraut 2

Blönduós

Húnavatnshreppur
Húnavöllum

Sauðárkrúkur

Iðnsveinafélag Skagafjarðar

Siglufjörður

SR-Vélaverkstæði hf.
Vetrarbraut 12

Ólafsfjörður

Árni Helgason ehf. vélaverkstæði
Hlíðarvegi 54
Sjómannafélag Ólafsfjarðar
Brekkgötu 9

Dalvík

Bruggsmiðjan Kaldi ehf.
Öldugötu 22

Akureyri

Eyjaþjófarsveit
Skólatróð 9
Félag málmíðnaðarmanna
Akureyri, Skipagötu 14
Höldur ehf. bílaleiga
Tryggvabraut 12
Samherji ehf.
Glerárgötu 30
Sjómannafélag Eyjaþjófars
Skipagötu 14
Skútaberg ehf.
Sjafnarnesi 2-4

Grimsey

Sigurbjörn ehf. fiskverkun

Grenivík

Frosti ehf.
Melgötu 2

Mývatn

Jarðböðin við Mývatn
Jarðbaðshólum
Skútustaðahreppur
Hlíðavegi 6

Þórshöfn

Geir ehf.
Sunnuvegi 3
Verkalýðsfélag Þórshafnar
Langanesvegi 18

Vopnafjörður

Sláturfélag Vopnfirðinga hf.
Hafnarbyggð 8
Vopnafjarðarhreppur
Hamrahlíð 15

Egilsstaðir

Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf.
Einhleypingi 1

Seyðisfjörður

Gullberg hf. útgerð
Langatanga 5
Seyðisfjarðarkaupstaður
Hafnargötu 44

Reyðarfjörður

Félag opinberra starfsmanna
á Austurlandi, Stekkjarbrekku 8

Neskaupstaður

Fjarðanet hf.
Strandgötu 1

Eskifjörður

Eskja hf.
Strandgötu 39

Fáskrúðsfjörður

Loðnuvinnslan hf.
Skólavegi 59

Höfn í Hornafirði

Skinney-Þinganes hf.
Krosssey
Sveitafélagið Hornafjörður
Hafnarbraut 27
Vélsmiðja Hornafjarðar ehf.
Álaugarvegi 2

Vík

Mýrdalshreppur
Austurvegi 17

Kirkjubæjarklaustur

Skaftárhreppur
Klausturvegi 10

Flúðir

Flúðasveppir ehf.
Undirheimum

Selfoss

Foss stéttarfélag í
almannaþjónustu, Austurvegi 38
Orkugerðin ehf.
Heiðargerði 5
Ræktunarsamband Flóa og Skeiða
Gagnheiði 35
Sveitarfélagið Árborg
Austurvegi 2
Veitingastaðurinn Menam
Eyravegi 8

Hveragerði

Garðyrkjustöð Ingibjargar
Heiðmörk 38

Ölfus

Eldhestar ehf.
Völlum

Þorlákshöfn

Frostfiskur ehf.
Hafnarskeiði 6
Sveitarfélagið Ölfus
Hafnarbergi 1

Vestmannaeyjar

Fiskmarkaður Vestmannaeyja hf.
Botni við Friðarhöfn
Narfí ehf.
Eiði 12
Vinnslustöðin hf.
Hafnargötu 2
Vöruval ehf.
Vesturvegi 18

Öryggis- og hlífðarfatnaður

*Dynjandi býður upp á hlífðar- og öryggisfatnað
sem uppfyllir ströngustu kröfur.*

Hafðu samband.

Við veitum þér faglega aðstoð.



DYNJANDI

allt fyrir öryggið

STÖNDUM VÖRÐ UM OKKAR RÉTT!



Rafiðnaðarsamband Íslands er starfsgreinasamband
8 aðildarféлага um allt land með 5.500 félagsmenn.

Kynntu þér málið á www.rafis.is.



RSÍ gætir hagsmuna félagsmanna gagnvart atvinnurekendum og stjórnvöldum.

RSÍ styður dyggilega við félagsmenn sína með öflugum styrktarsjóði.

RSÍ á einn öflugasta verkfallssjóð landsins.

RSÍ á og rekur fjölda orlofshúsa og íbúða, orlofssvæði v. Apavatn og íbúðir í Kaupmannahöfn og á Spáni.

RSÍ býður eftirmentun í Rafiðnaðarskólanum.



RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS | STÓRHÖFÐA 31 | SÍMI 580-5200 | RAFIS.IS